

Farþegar þeir, sem voru i bílnum, hafa borið það, að þeir hafi eigi séð, að bílstjórinn væri undir áhrifum áfengis, og kærði sjálfur segist eigi hafa drukkið þenna dag, en segist hins vegar hafa drukkið töluvert daginn áður, enda var hann þá eigi við akstur. Samkvæmt blóðprufunni, er tekin var af kærða, fundust i blóðinu reducerandi efni, sem svara til 1.15% áfengis. Með blóðprufunni virðist mega telja sannað, að kærði hafi ekið bílnum undir áhrifum áfengis, og virðist mega heimfæra brot hans undir 21. og 39. gr. áfengislaganna og 38. og 39. gr. bifreiðalaganna, og virðist refsingin hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Enn fremur ber að svipta kærða leyfi til að stýra bifreið i 3 mánuði frá birtingu dómsins.

Kærði greiði allan af málinu leiðandi kostnað.

Á málinu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Jóhannsson, sæti 10 daga varðhaldi og verði sviptur leyfi til að stýra bíl i 3 mánuði frá birtingu þessa dóms.

Kærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1945.

Kærumálið nr. 9/1945. H/f Ásmundur
gegn

Jóni Sigurðssyni.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 22. ágúst s. l., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar málskostnaðarákvæði i dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní s. l. i máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, aðallega að málskostnaður verði látinn niður falla, en til vara, að hann verði færður niður til muna. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæðinu og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja sendu ekki hæstarétti neinar greinar-gerðir í kærumáli þessu. Var málinu því frestað samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936 og þeim veittur kostur á að flytja málið skriflega. Hafa þeir nú gert hæstarétti nokkra grein fyrir kröfum sínum.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir héraðsdómi hæfilega ákveðinn 1000 krónur.

Málskostnaður í hæstarétti þykir hins vegar eiga að falla niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Sóknaraðili, h/f Ásmundur, greiði varnaraðilja, Jóni Sigurðssyni, kr. 1000.00 í málskostnað í héraði.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Jón skipstjóri Sigurðsson, Hringbraut 207 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 19. janúar s. l., gegn stjórn h.f. Ásmundar, Akranesi, f. h. félagsins til greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 27207.11, að fráðregnum kr. 6496.23, með 6% ársvöxtum af kr. 27207.11 frá 1¹/₂% 1944 til 28. apríl 1945 og af kr. 20710.88 frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaðar krefst stefnandi að skaðlausu og að hann verði miðaður við hærri fjárhæðina hér að framan. Þá krefst stefnandi og þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í b/s Ólafi Bjarnasyni til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Til vara hefur stefnandi krafizt annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr greinir. Við munnlegan flutning málsins lækkuðu kröfur stefnanda um kr. 300.00 til leiðréttingar reiknings skekkju í stefnu.

Stefndi hefur krafizt þess, aðallega að dómkrafa stefnanda verði lækkuð í kr. 1578.90, en til vara í fyrsta lagi í kr. 2496.90, í öðru lagi í kr. 5055.17, í þriðja lagi í kr. 8443.95 eða loks í kr. 10863.45. Þá hefur stefndi krafizt þess, að í öllum tilvikum verði ársvextir lækkaðir í 5% og miðaðir við stefnudag, svo og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi var í nokkur ár skipstjóri á b/s Ólafi Bjarnasyni, eign stefnda, þar til honum var sagt upp stöðunni með bréfi

stefnda, dagsettu 12. september 1944. Var svo tiltekið í bréfi þessu, að stefnanda væri sagt upp stöðunni frá þeim degi að telja og jafnframt, að hann héldi rétti til kaupgreiðslu í næstu 3 mánuði, einnig talið frá þeim degi. Í máli þessu krefst stefnandi nú bóta úr hendi stefnda fyrir framangreinda fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi, og er krafa hans sundurliðuð svo:

1. Inneign hjá stefnda samkvæmt viðskiptareikningi	kr. 6496.23
2. Fastakaup í 3 mánuði auk 3% þóknunar af söluverði afla skipsins, miðað við söluferðir á tímabilinu 12. september til 13. desember 1944 og meðalsöluverð fyrri ferða á árinu lagt til grundvallar	— 13615.18
3. Áhættuþóknun, 15/16% söluverðs á sama grundvelli	— 3572.24
4. Lifrarhlutur	— 1975.56
5. Fæðispeningar í 3 mánuði	— 918.00
6. Ýmis gjöld, er stefnandi kveðst hafa greitt fyrir stefnda	— 329.90
Samtals	kr. 26907.11

Með bréfi, dagsettu 28. apríl, sendi stefndi stefnanda greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem getur í 1. lið, og kemur sá liður því ekki til athugunar í málinu. Þá er 6. liður viðurkenndur af stefnda, og var boðin greiðsla hans í greinargerð og því haldið fram, að greiðslu hafi ekki verið krafizt fyrr en við höfðun máls þessa.

Aðalkrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi eigi ekki kröfu til hærri bóta en nemi 150 króna grunnlaunum á mánuði, og telur stefndi þau laun í 3 mánuði auk fyrrgreinds 6. kröfuliðs stefnanda eiga að nema kr. 1578.90.

Fyrsta varakrafa stefnda er byggð á því, að auk fjárhæðar þeirrar, sem í aðalkröfu hans greinir, eigi stefnandi rétt á fæðispeningum, kr. 918.00.

Önnur varakrafa stefnda byggist á því, að þar eð markmið bótanna sé að gera stefnanda jafnsettan, sem hefði hann haldið áfram í stöðu sinni, geti hann ekki auk fyrrgreindra fjárhæða átt kröfu til hærri launa en eftirmaður hans bar úr bótum, að því er snertir lifrarhlut, söluþóknun og áhættuþóknun, en þær fjárhæðir nema samkvæmt viðskiptareikningi eftirmanns stefnanda kr. 260.40 + 1750.67 + 547.20. Byggir stefndi þetta á því, að þegar skipið hafði farið eina söluferð og fengið lítið fyrir farminn, eða £ 2236—14—3, var því komið í flokkunarviðgerð, sem staðið hafði á frá áramótum næstu á undan, en skylt var að framkvæma án tafar.

Þriðja varakrafa stefnda byggist á því, að til viðbótar fjárhæðunum í 1. varakröfu eigi að koma þriðjungur þeirra fjárhæða, sem stefnandi krefst í lifrarhlut, sölu- og áhættuþóknun, ef ekki verði

fallizt á rök hans um sömu liði í 2. varakröfu. Er þar einnig miðað við þá staðreynd, að skipið fór aðeins eina söluferð.

Fjórða varakrafan er byggð upp á sama hátt og 3. varakrafan, að öðru leyti en því, að fastakaup, er stefnanda kynni að bera, er reiknað kr. 2419.50 herra. Er þetta byggt á þeirri venju, sem stefndi heldur fram, að ríki hér, að skipstjórar á skipum félagsmanna í Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda fái 600 króna grunnlaun á mánuði, meðan skipið er í flokkun eða viðgerð, svo fremi þeir vinni við skipið eða hafi eftirlit með verkinu af hálfu útgerðarmanns skipsins.

Lækkunarkröfur sínar almennt hefur stefndi rökstutt með því, að veiði og sala hafi gengið mjög illa undir stjórn stefnanda, og hafi stjórn stefnda oft átt viðræður við stefnanda um það, að hann léti af skipstjórn, ef ekki breyttist til batnaðar. Hann hafi því lengi, áður en til uppsagnar kom, mátt búast við því, að svo færi, enda verið ásáttur um það. Heldur stefndi því fram, að orðalag uppsagnarbréfsins hafi frekar átt að skoða sem sönnun þess, að stefnandi færi ekki úr þjónustu stefnda vegna þess, að sakir væru á hendur honum, heldur en hitt, að hann ætti að fá miklar bætur. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda er ósannað, að nokkurt slíkt samkomulag hafi verið með aðiljum sem það, er stefndi lætur skina í, og hafa þessi rök því eigi áhrif á fjárhæð dómkröfu stefnanda.

Stefnandi hefur haldið fast við það, að lifrarhlut, sölu- og áhættubókun ber að miða við 3 ferðir á tímabilinu og að leggja beri meðalsöluverð fyrri ferða á árinu 1943 til grundvallar um fjárhæðina. Hann hefur mótmælt því, að aðgerðir stefnda eftir hina ólögmatu uppsögn fái haft áhrif á fjárhæð bótanna, enda hafi verið ónauðsynlegt með öllu að láta flokkunarviðgerð skipsins hefjast fyrir 13. desember 1943, heldur hafi það ráð verið upptekið, er í ljós kom, að söluverð aflans var allmiklu lægra í fyrstu ferðinni, eftir að stefnandi lét af skipstjórn, heldur en verið hafði, meðan hann sigldi skipinu.

Það þykir verða að fallast á það með stefnda, að miða beri bætur til stefnanda við það, að hann verði svo settur, sem hann hefði verið áfram í þjónustu stefnda. Mótmæli hans gegn því, að skipið var sett til viðgerðar og veiði- og söluferðir féllu því niður, þykja því ekki hafa við rök að styðjast, enda hefði hann ekki haft vald á slíkum aðgerðum stefnda, þótt hann hefði haldið áfram skipstjórninni. Þjón það, sem stefnandi verður því talinn hafa beðið og á bætur fyrir samkvæmt 3. og 8. gr. sjómannalaganna, þykir því bera að miða við hinar raunverulegu tekjur eftirmanns hans í skipstjórastarfinu, en framtal stefnda á þeim hefur ekki verið véfengt. Samkvæmt þessu verður 2. kröfuliður stefnanda tekinn til greina með kr. 5414.27, þar eð fastakaupshækkun sú, sem lýst er

í 4. varakröfu stefnda, þykir með hliðsjón af framanrituðu eiga að koma stefnanda í hag, þó breytt samkvæmt gildandi verðlags-visitölu á þeim tíma. Kröfuliður 3. og 4. verða teknir til greina með kr. 547.20 og 260.40, 5. liðinn þykir verða að telja viðurkenndan af stefnda, og 6. liðurinn hefur, eins og fyrr segir, verið viðurkenndur þegar í greinargerð, og verða því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framanrituðu verður stefnda dæmt að greiða stefnanda samtals kr. 7469.77. Krafa stefnda um lækkun ársvaxta hefur ekki við rök að styðjast, og verða þeir því dæmdir 6%, en hins vegar ekki taldir frá fyrri tíma en stefnudegi. Stefndi hefur haldið því fram, að fjárhæðin í 1. kröfulið stefnanda hafi verið boðin honum, áður en til málssóknar þessarar kom, en gegn mótmælum stefnanda hafa ekki verið færðar sönnur á þessa staðhæfingu, og þykir stefndi því eiga að greiða stefnanda vexti einnig af þessari fjárhæð, eins og krafizt var.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann með hliðsjón af öllu framanrituðu hæfilega ákveðinn kr. 1300.00.

Þá verður einnig tekin til greina krafa stefnanda um sjóveðrétt í b/s Ólafi Bjarnasyni, enda á hún stoð í lögum.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Þorgrimur skipstjóri Sigurðsson og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h.f. Ásmundur, greiði stefnanda, Jóni Sigurðssyni, kr. 7469.77 með 6% ársvöxtum af kr. 13966.00 frá 19. janúar 1945 til 28. apríl 1945 og af kr. 7469.77 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1300.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í b/s Ólafi Bjarnasyni til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.